



Ráð til að róa óvært ungbarn

Halda á barninu í hliðarlegu.


Líkja eftir hljóðum í móðurkviði (sshh).

Líkja eftir smáum vaggandi hreyfingum.

Líkja eftir rólandi hreyfingum
(fram og til baka).

Leyfa barninu að sjúga snuð,
noti það snuð.

Sveipa ungbarn, sjá mynd.



Nýfætt barn finnur til öryggis í fangi foreldra sinna og róast oft þar ef því líður illa.

Sveipa má barn með hendurnar beint niður eða uppúr þannig að það nái að snerta andlit sitt eða munn. Þá nær barnið að nýta sér meðfæddar huggunarleiðir til að róa sig, til dæmis með því að sjúga fingur.